

Tilnefningar til Eyrarrósarinnar 2006

Jöklasýning á Höfn í Hornafirði

Fjölbreytt og metnaðarfullt verkefni, þar sem stefnt er saman fjölmörgum aðilum og stofnunum á sviði vísinda, menningar og ferðaþjónustu. Sýningin byggir á sérstöðu landsvæðisins og sögu þess, auk þess sem fremstu vísinda- og háskólastofnanir landsins á þessu sviði koma að uppbyggingu hennar og framkvæmd.

Kórastefna við Mývatn

Afar vandað tónlistarverkefni með mikilli þátttöku innlendra og erlendra kóra, auk þess sem tónlistarmenn úr nágrennasveitum taka þátt í því. Byggt á langri hefð í byggðarlaginu og framkvæmdin einkennist af miklum metnaði og þrautseigju. Gott samstarf við fjölda aðila á svæðinu og sívaxandi þátttaka langt út fyrir það sýnir að verkefnið á mikla framtíð fyrir sér.

LungA – listahátíð ungs fólks á Seyðisfirði

Einkar litrík menningarhátíð ungs fólks í tengslum við listahátíðina Á seyði. Listrænn metnaður og afar fjölbreytt dagskrá með þátttöku innlendra sem erlendra listamanna dregur athygli að staðnum. Myndlist, tónlist, sirkus og útiviðburðir tvinnar saman skemmtilega dagskrá, sem höfðar til fjölmenns hóps heimamanna og gesta.